

28. desember 2021
Tilv.: 2112044

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
nefndasvid@althingi.is

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022, 3. mál.

Í ljósi nefndarálits meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar vegna breytinga á eftirlitsgjaldi lífeyrissjóða samkvæmt 5. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald telur Seðlabanki Íslands rétt að áréttu að leiðarljós endurskoðunar á fyrirkomulagi skiptingar eftirlitsgjaldsins á milli lífeyrissjóða var að stuðla að sanngjarnri skiptingu gjaldsins eins og kemur fram í greinargerð við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022. Að því sögðu og eins og áður hefur komið fram telur Seðlabankinn forsendur fyrir því að þáttur fastagjalds í heildarálagningu lífeyrissjóða verði hækkaður úr 60% í 70% í samræmi við rökstuðning m.a. í greinargerð með frumvarpinu.

Eftirlitsgjald sem lagt er á lífeyrissjóði skiptist annars vegar í þrepaskipt fastagjald og hins vegar í breytilegt gjald byggt á hreinni eign lífeyrissjóða. Eftirlit með lífeyrissjóðum felst annars vegar í beinu eftirliti og hins vegar í öðrum verkefnum á borð við greiningar á lífeyrismarkaði, stjórnun og reglusetningarvinnu. Í kjölfar skoðunar Seðlabankans á því hvernig eftirlit með lífeyrissjóðum skiptist í framangreind verkefni var lagt til að fastgjald yrði 70% af álögðu eftirlitsgjaldi á lífeyrissjóði, en Seðlabankinn telur eðlilegt að lífeyrissjóðir greiði, með fastgjaldi, fyrir það eftirlit sem með þeim er haft, en að kostnaður við önnur verkefni skiptist á lífeyrissjóðina að rétttri tiltölu.

Fastgjald á lífeyrissjóði er breytilegt eftir því í hvaða stærðarflokk viðkomandi lífeyrissjóður fellur undir. Fastgjaldaflokkarnir taka mið af þeim kostnaði sem felst í eftirliti með lífeyrissjóðum í hverjum stærðarflokki fyrir sig. Það er mat Seðlabankans að kostnaður við beint eftirlit með lífeyrissjóði nemi að lágmarki 4.000.000 kr. á ári og því var lagt til að lágmarksfastgjald yrði 4.000.000 kr. Í ljósi þess, og til að tryggja sem sanngjarnasta skiptingu eftirlitsgjaldsins, telur Seðlabankinn ekki réttlætjanlegt að lækka fastgjald á lífeyrissjóði með eignir undir 15 milljörðum.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Jóníusdóttir
framkvæmdastjóri skrifstofu bankastjóra

Erla Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri fjárhags

* Rafræn skilríki

Undirritað af: SÍ Erla Guðmundsdóttir

Kennitala: 0809763569

Tími: 28.12.2021 12:50

Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með 

* Rafræn skilríki

Undirritað af: SÍ Rannveig Júníusdóttir

Kennitala: 0707814339

Tími: 28.12.2021 12:51

Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með 